

Reykjavík, 18.07.2017

Ebba Schram hrl.

Staðgengill borgarlögmanns **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki. Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki. Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki. Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**

Embætti borgarlögmanns, Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Efni: Beiðni um einfalda hlutfallslega ábyrgð Reykjavíkurborgar í samræmi við eignarhlut í Orkuveitu Reykjavíkur í tengslum við styrk til OR frá ESB

Orkuveita Reykjavíkur óskar hér með því eftir Reykjavíkurborg veiti einfalda hlutfallslega ábyrgð á grundvelli ákvæðis 2. mgr. 3. gr. laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur á 80% af fjárhagslegum skuldbindingum fyrirtækisins vegna styrks að fjárhæð 700 þúsund evrur komi til þess að Orkuveita Reykjavíkur verði gjaldþrota á samningstímanum sem er 42 mánuðir frá upphafi verkefnis. Um er að ræða styrk sem Orkuveita Reykjavíkur hefur sótt um hjá stofnuninni Innovation and Networks Executive Agency (INEA) hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (e. European Commission) vegna vísindaverkefnis sem nefnist CarbFix2. Að teknu tilliti til eignarhlutar Reykjavíkurborgar nemur ábyrgð borgarinnar tæplega 524 þúsund evrum.

Próunarsvið Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hlaut nýlega styrk frá stofnuninni Innovation and Networks Executive Agency (INEA) hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (e. European Commission) vegna vísindaverkefnis sem nefnist CarbFix2. Verkefnið felst í frekari þróun á aðferðafræði OR við að fanga og dæla CO₂ og H₂S ofan í berglög þar sem gastegundirnar steinrenna og bindast í grjóti. Verkefnið hlaut alls 2,2 milljón evra styrk og þar af koma 700 þúsund Evrur til OR. OR leiðir verkefnið sem er 42 mánaða langt en aðrir samstarfsaðilar eru Háskóli Íslands, CNRS í Toulouse, Amphos 21 í Barcelona og svissneska fyrirtækið Climeworks.

Pegar Evrópusambandið veitir styrki til vísindaverkefna er gerður lagalega bindandi samningur við styrkþega sem skilgreinir verkþætti og skilagreinar verkefnisins. Ef leysa þarf OR upp vegna fjárhagserfiðleika yfir samningstímann gæti komið upp sú staða að verkþættir verkefnisins verði ekki framkvæmdir. Því getur Evrópusambandið átt kröfu á OR að endurgreiða þann hluta verkefnisins sem ekki er framkvæmdur. Í ljósi þessa hefur INEA óskað eftir eigendaábyrgð á hlutdeild OR af styrknum.

Samkvæmt upplýsingum frá INEA mun OR ekki geta leitt verkefnið ef eigendaábyrgð fæst ekki. Að sama skapi er ljóst að OR mun ekki taka þátt í verkefninu án þess að stýra því. Mjög stór hluti verkefnisins er gerður á lendum OR, nánar tiltekið við Hellsheiðarvirkjun. Þannig verður búnaður sem fangar CO₂ úr andrúmslofti beintengdur við virkjunina og einnig stendur til að gera ferilefnapróf sem skilgreinir afdrif brennissteinsvetnis og koldíoxíðs í jarðhitakerfinu og einnig tengsl niðurdælingarsvæðis á Húsmúla við framleiðslusvæði í Sleggjubeinsdal og á Skarðsmýrarfjalli. Slíkum verkþáttum verður OR að hafa algjöra stjórn yfir og það næst ekki án þess að vera í forsvari fyrir verkefnið.

Sama á raunar við um öll stór rannsóknaverkefni sem geta haft bein áhrif á rekstur virkjananna, skilyrði er ávallt að OR sé í forsvari.

Útborgun styrksins verður þannig að 1.173.503 evrur eða um 53% verða greiddar 30 dögum eftir að skrifað verður undir styrksamning. Afgangur styrksins er greiddur út þremur mánuðum eftir að áfangaskýrslum verður skilað inn (á 18., 24. og 36. mánuði verkefnisins) en þær greiðslur eru byggðar á raunkostnaði. Síðustu 5% eru greidd út að verkefni loknu.

Rétt er að taka fram að starfsfólk Próunarsviðs OR notar aðeins fé og tíma til að sækja um styrki þegar afrakstur rannsóknar- og þróunarverkefna er líklegur til að leiða til hagræðingar eða aukinna tekjumöguleika. CarbFix2 verkefnið felst í að að besta þá aðferð sem OR hefur þróað við að dæla jarðhitagasi ofan í jörðina. Samanburður á útgefnum tölum um kostnað við hefðbundnar aðferðir og þær aðferðir sem beitt er í verkefni OR sýnir að verulegur munur er á kostnaði. Hefðbundnar aðferðir við förgun brennisteins kosta 356 bandaríkjadali hvert tonn, hefðbundnar aðferðir við bindingu koltvíoxíðs 62-131 dal á tonn en á Hellisheiði eru báðar lofttegundirnar bundnar saman með kostnaði sem svarar til tæplega 25 bandaríkjadala á tonn. Gas í grjót aðferðin mun því spara OR samstæðunni að lágmarki 160 milljón bandaríkjadali á næstu þrjátíu árum samanborið við hefðbundnar hreinsunaraðferðir að því gefnu að núverandi hreinsunar- og niðurdælingargeta haldist óbreytt (30% CO₂ and 60% H₂S).

Virðingarfyllt,



Edda S.P. Aradóttir
Verkefnisstjóri CarbFix2
Próunarsviði OR

Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.